

✉ Re: Umsagnarbeiðni - Ljósleiðarasæstrengur frá Íslandi til Írlands

Búið til	21.10.2021 11:45:11
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	21.10.2021 11:45:10
Tilheyrir	📁 202109-0026 - Ljósleiðarasæstrengur frá Íslandi til Írlands

Efni

Re: Umsagnarbeiðni - Ljósleiðarasæstrengur frá Íslandi til Írlands

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	21.10.2021 11:45:10	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	Johanna.H.Einarsdottir@skipulag.is, skipulag@skipulag.is

Innihald

Góðan dag.

Tilvísun í mál nr. 202109-0026 (IAS,SS).

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 22. september 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matskyldu tilkynntrar framkvæmdar ljósleiðarasæstrengs Farice ehf. frá Íslandi til Írlands.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér meðfylgjandi gögn og telur að framkvæmdin þurfi ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Á grunnsævi verður strengurinn grafinn í sand sem er á mikilli hreyfingu með ströndinni og því jafna sárin sig mjög hratt. Þar hefur framkvæmdin engin áhrif á jarðminjar og mjög lítil á lífríkið.

Þegar á land kemur liggur strengurinn upp sandströnd og yfir gróna sandöldu og svo meðfram henni að mestu eða öllu í sandi nema hvað síðasti hlutinn verður á dyngjuhrauni (Leitahraun) sem þegar er mikið raskað á framkvæmdasvæðinu og því ekki með hátt verndargildi. Það er hugsanlega eitthvað fuglavarp meðfram sandöldunni sem framkvæmdin gæti haft áhrif á þar sem framkvæmdatíminn er áætlaður í 6-8 vikur frá 20. apríl 2022 en það er varla mikið.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Jóhanna Hrund Einarsdóttir - SLS" <Johanna.H.Einarsdottir@skipulag.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: Umsagnarbeiðni - Ljósleiðarasæstrengrur frá Íslandi til Írlands

Date: 22.9.2021 11:51:40

Góðan dag

Farice ehf. hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu móttækin 22. september 2021, um ofangreinda framkvæmd skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 er hér með óskað eftir að Náttúrufræðistofnun Íslands gefi umsögn um ofangreinda framkvæmd.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Náttúrufræðistofnun Íslands telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði Náttúrufræðistofnun Íslands telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli að hans mati á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.

Tilkynning framkvæmdaraðila er aðgengileg hér.

(<https://www.skipulag.is/media/attachments/Ljosleidarastrengrur-til-Irlands.pdf>)

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 21. október 2021 á tölvupóstföngin:

johanna.h.einarsdottir@skipulag.is (<mailto:johanna.h.einarsdottir@skipulag.is>) og skipulag@skipulag.is

(<mailto:skipulag@skipulag.is>).

Með kveðju,

Jóhanna Hrund

Jóhanna Hrund Einarsdóttir

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland

sími 595 4100, fax 595 4165

johannahrund@skipulag.is

www.skipulag.is

www.facebook.com/skipulagsstofnun

Viðhengi

image001.png (5 KB)